

MENNINGAR- OG HEILSUSTÍGAR

Menningar- og heilsustigar í Grindavík samtvinnar hugmyndir um staðsetningu listaverka í bænum og hvatningu til bættrar lýðheilsu. Ætlunin er að nýta opnu svæðin í bænum til þess að setja niður ýmis listaverk, ritverk, sögu Grindavíkur og heilsutæki. Þegar listaverk eru afhent bænum eru þannig til fyrirfram ákveðin svæði til að setja þau upp. Ætlunin er að tengja mismunandi opin svæði með gönguleiðum.

Mörkuð er leið eftir stígum/gangstéttum innan þéttbýlis Grindavíkur. Að mestu er um að ræða stíga sem þegar eru til staðar en gert er ráð fyrir nýjum stígum til að tengja saman hverfi þar sem upp á vantar. Í gamla bænum er gert ráð fyrir nýjum götum og gangstéttum (sjá deiliskipulagsupprátt). Um er að ræða eitt samfellt stiganet (merkt með appelsínugulri punktalínu) með tvenns konar áningarstöðum, heilsustöðvum (merktar með appelsínugulri sporöskju) og menningar- og listastöðvum (merktar með rauðum hring).

Stígumum er ætlað að tengja saman þá staði í Grindavík sem eru grundvöllur menningar og íþróttastarfs í bænum. Stígarnir tengja því saman alla leik- og grunnskóla, íþróttasvæðið og elli-/ hjúkrunarheimili. Einnig tengjast stígumum Sjómannagarðurinn, Kvikan, gamli bærinn og ströndin.

Til að vekja athygli á þessum stígum og stöðvum kæmu t.d. upplýsingaskilti um þá við skólana, leikskólana, íþóttamiðstöðina, Sjómannagarðinn og Kvikuna.

HEILSUSTÖÐVAR

Heilsustöðvar verða staðsettar á 13 stöðum. Við hverja stöð verða sett upp tæki sem nýta má til heilsuefingar. Á stöðvunum verða einnig skilti með leiðbeiningum fyrir þær æfingar sem gera skal á hverju svæði (sjá www.heilsustig.is). Upphafsstöð heilsustígs yrði við íþróttamiðstöðina, þar sem væri skilti sem sýnir leiðina ásamt yfirliti yfir heilsustöðvarnar. Benda má á að ráðgert er að nýta Sjómannagarðinn undir frísbíggjufvöll og leiktæki.




Hugmynd af heilsustígatæki

MENNINGAR- OG LISTASTÖÐVAR

Menningar- og listastöðvar verða 20 talsins. Stöðvarnar eru hugsaðar til þess að vekja áhuga og athygli á menningu og listaverkum bæjarins. Á stöðvunum verður sett upp lista- og menningartengt efni eins og ágríp af sögu Grindavíkur, skilti með sögu merkra húsa, fornleifar, listaverk o.fl. Listaverkin gætu verið stakstæð eða ritverk/ljód/myndir sem væri t.d. málað á vegg. Við Seljabólina hafa verið settar upp nokkrar myndir á girðinguna. Myndirnar sýna söguna og mun það falla inn í stígakerfið sem menningar- og listastöð.

SKILTI

Mikilvægt er að skilti séu samræmd og leggja skal áherslu á hönnun þeirra. Við hönnun skilta þarf að huga að því að gerður sé greinarmunur á heilsustöð eða menningar- og listastöð.



Gamli bærinn í gildandi aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- Stígakerfi
- Menningar- og listastöðvar
- Heilsustöðvar
- Afmörkun skipulags



GAMLI BÆRINN
GÖNGULEIÐIR - SKÝRINGARMYND

Menningar- og heilsustígar		Bláttölur	Bláttölur
Deiliskipulagsritun_A_ögn	1:5000	A2	V02
Staðsetning	Grindavíkurbæ	Dagur	24.09.2015
		Skilfrám	002
		Skilfrám	DRS